

**1. fundur almannavarnarnefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
17. nóvember 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri, Jón S. Ólason yfirlögregluþjónn, Þáinn Ólafsson slökkviðliðsstjóri og Regina Ásvaldsdóttir bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1511181 - Almannavarnarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi**

Erindi lögreglustjórans á Vesturlandi, dags. 9. nóvember 2015, til sveitarstjórna á Vesturlandi varðandi eina almannavarnarnefnd í umdæminu.

*Bæjarstjóri bauð fundarmenn velkomna til fundarins. Tílefni fundarins er erindi lögreglustjórans en ekki síður vilji bæjarstjóra til að koma á hreint verkefnaskiptingu og fyrirkomulag almannavarna, ekki síst með aðstæður í Hvalfjarðargöngum í huga.*

*Lögreglustjóri gerði grein fyrir að nauðsynlegt sé að greina á milli hlutverks almannavarnarnefndar annars vegar og aðgerðarstjórnar hins vegar.*

*Lögreglustjóri upplýsti að lögreglan á Akranesi er með samstarfssamning við lögreglustjóran í Reykjavík um að sinna verkefnum í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík ef vettvangur er nær útkallsbíl lögreglunnar á Akranesi. Í viðbragðsáætlun Hvalfjarðarganga er einnig mælt fyrir um þetta fyrirkomulag.*

*Fundarmenn sammála um að skynsamlegt skipan mála til framtíðar að starfrækt verði ein almannavarnarnefnd á Vesturlandi. Þangað til afstaða annarra sveitarstjórna liggur fyrir er ákveðið, í samræmi við ákvæði almannavarnalaga nr. 82/2008, að skipa formann og varaformann nefndarinnar. Bæjarstjóri leggur fram tillögu um að formaður nefndarinnar verði Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri Vesturlands. Gerð er tillaga um bæjarstjóri verði varaformaður nefndarinnar.*

*Tillögurnar samþykktar.*

*Slökkviðliðsstjóri upplýsti að hann hafi nýlega átt fund með Mannvirkjastofnun um áframhaldandi skref varðandi brunamál á Grundartangasvæðinu. Stefnt er að því að grípa til aðgerða til að tryggja að fyrirkomulagið á svæðinu verði fullnægjandi með hliðsjón af fyrirliggjandi kröfum starfsleyfa Elkem og Norðuráls.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30.**

*Regina Ásvaldsdóttir*  
*slit 24. 2*  
*Jón S. Ólason*  
*Yfirlögregluþjónn*  
*Steinar Adolfsson*